

Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- desember 2016 -

Gæðastund í hádeginu

Þann 25. nóvember síðast liðinn var haldin gæðastund í hádeginu á Greifanum. Þar hélt Elfar Alfreðsson frá Berserker solutions kynningu um gæðastjórnunarkerfi sem hann bjó til og er það sniðið að byggingariðnaðinum. Guðný Helga Kristjánsdóttir gæðastjóri hjá Primex fjallaði um hvernig vottunarferlum og gæðamálum eru háttað hjá þeim. Einstaklega skemmtilegir fyrirlestrar og líflegar umræður sköpuðust eftir fyrirlestrana. Búið er að setja inn myndir frá gæðastundinni inn á heimasíðu félagsins.

Kynning á Lean manufacturing

Pétur Arason eigandi Manino mun koma til Akureyrar og kynna lean námskeið sem hafa verið keyrð í fjögur ár í Háskólanum í Reykjavík sem og ný námskeið sem eru í farvatninu. Námskeiðið hentar öllum þ.e. byrjendum sem og lengra komnum, fyrirtækjum sem eru að vinna með lean sem og fyrirtækjum sem vilja kynna sér þessa hugsun. Pétur mun kynna námskeiðin sem eru í boði og einnig hvaða hugmyndaheim lean byggist á.

Ef þátttaka verður næg mun kynningin vera haldin í hádeginu þann 5. janúar, Gæðastjórnunarfélag Norðurlands mun senda póst á aðildarfélög til að kanna áhugann hjá þeim.

Komandi ár

Gæðastjórnunarfélag Norðurlands er í óða önn að skipuleggja næstkomandi mánuði. Verið er að vinna í ýmsum spennandi hugmyndum. Ef allt gengur að óskum munum við halda ISO 9001:2015 kynningu/námskeið í byrjun árs.

Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands,

Um leið og við óskum ykkur, fjölskyldum ykkar og samstarfsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári þökkum við fyrir fróðlegar og skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að líða. Hittumst hress.

Jólakeðjur, Fannberg Jensen í B. Jensen, Egill í Mjólkursamsölunni, Hannes á Rafeyri, Þóra Ýr í Ramma og Þórdís Huld í Becromal.

„Ýlir ber, en byrgist sólin,
brosa stjörnur, koma jólin.“
(Vísur um gömlu mánuðina eftir Hallgrím Jónsson)

